

Kæru útskriftarnemar og aðrir gestir.

Ég vil bjóða ykkur velkomin hingað á þessa 14. brautskráningarathöfn frá Menntaskólanum á Tröllaskaga. Tíminn líður hratt og í ágúst hófum við 7. starfsár skólans. Í þetta sinn útskrifast 17 nemendur og hafa þá 160 verið brautskráðir frá upphafi. Átta útskrifast af félags- og hugvísindabraut, tveir af íþróttabraut - íþróttasviði, tveir af náttúruvísindabraut, tveir af listabraut – myndlistarsviði og tónlistarsviði, tveir af starfsbraut og einn lýkur viðbót við starfsnám til stúdentsprófs. Það er gaman að geta þess að nú útskrifast sjö fjarnemar og er það stærsti fjarnemahópur sem hefur útskrifast frá skólanum til þessa og eru sex viðstaddir hér í dag.

Starfið á skólaárinu hefur gengið vel. Kennsla hófst 18. ágúst og stunduðu rúmlega 300 nemendur nám við skólann á haustönn og á vorönn fjölgaði enn, 340 nemendur sem er mesti fjöldi sem verið hefur. Þar af voru um 240 skráðir í fjarnám. Fjarnámið skipar því orðið verulega stóran sess í skólastarfinu og er komið til að vera. Fjarkennsla skólans hefur spurst vel út og er eftirsótt. Hlutfall nemenda sem koma úr Fjallabyggð er 23% og 14% koma úr Dalvíkurbyggð en 63% koma úr öðrum byggðarlögum. Það vekur athygli að 65% fjarnema koma af höfuðborgarsvæðinu, 30% annars staðar frá og 5% búa erlendis..

Flestir nemendur voru á félags- og hugvísindabraut eða 130, 31 var á listabraut, 65 á náttúruvísindabraut, 32 á íþróttabraut, 16 á kjörnámsbraut og 14 á starfsbraut. Þá voru 9 nemendur skráðir í viðbótarnám til stúdentsprófs. Starfsmenn við skólann á þessari önn hafa verið 25. Líkt og áður hefur skólinn átt í góðu samstarfi við Tónlistarskólann á Tröllaskaga sem og ýmsa aðra aðila í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Þá er einnig samningur við Listaháskóla Íslands og hafa nemendur hans meðal annars komið og kennt í miðannarvikum. Þá hefur tekist samstarf við Fisktækniskóla Íslands og Símei um kennslu á fisktæknibraut og fer sú kennsla að mestu fram á Dalvík. Líkt og áður höfum við tekið þátt í samstarfi Fjarmentaskólans sem eflist stöðugt, nú síðast með samningi við Fjölbrautaskólann við Ármúla um kennslu í heilbrigðisgreinum. Nú í lok þessarar annar hafa nemendur og kennarar uppskorið af erfiði sínu og stoltir nemendur setja upp hvítu kollana hér í dag.

Á þeim sjö starfsárum sem eru að baki er starfsemi skólans komin í ákveðinn farveg. Þó er alltaf þróun í gangi og má þar nefna fjarnámið sem stöðugt teygir sig inn í fleiri greinar, til dæmis er ráðgert að bjóða útivist í lotubundnu fjarnámi á komandi hausti. Skólinn hefur greinilega skapað sér sérstöðu á sviði fjarkennslu og notkun upplýsingatækni í skólastarfi og virðast kennsluaðferðir skólans henta þar mjög vel. Má nefna í þessu sambandi að kennarar og stjórnendur skólans hafa verið á

faraldsfæti þetta skólaár og sótt ráðstefnur og fundi innanlands sem utan, þar sem þeir hafa kynnt skólann og aðferðafræði hans og vakið mikla athygli. Kennarar skólans eru óhræddir við að prófa nýjungar og nýta sér vel svigrúm námskrárinnar til að skapa nýja áfanga. Þeir standa því vel undir einkunnarorðum skólans, - frumkvæði, sköpun og áræði. Skólinn hefur einnig skapað sér sérstöðu á sviði lista og þar hafa nokkrir nemendur til dæmis stundað fjarnám. Líkt og áður hafa fjölbreytt verk nemenda vakið athygli á sýningum í lok hvernar annar. Sýning vorannar var haldin laugardaginn 13. maí og var glæsileg að vanda. Þar mátti finna málverk, ljósmyndir, myndbönd og tónlist ásamt fjölbreyttum sýnishornum af vinnu nemenda. Sýningin hefur verið opin alla vikuna og lýkur formlega í dag á þessum útskriftardegi. Sýningar þessar hafa verið ákaflega vel sóttar og erum við líka mjög stolt af þeim og nemendum okkar.

Eins og síðustu annir hefur skólinn tekið þátt í erlendum verkefnum. Slík verkefni teljum við ákaflega gefandi og lærdómsrík. Þetta skólaár fóru tíu starfsmenn á ráðstefnu til lasi í Rúmeníu um nýbreytni í aðferðafræði í námi og kennslu. Átta af þeim héldu kynningar og erindi um starf skólans. Þá veitti skólinn menntamálaráðuneyti Grænlandinga ráðgjöf um fjarnám í skólastarfi og var einnig í samstarfi við háskóla og framhaldsskóla í Eystrasaltslöndunum og Finnlandi um sveigjanleika í skólastarfi. Skólinn var einnig í samstarfi í listum við framhaldsskóla í Ríga í Lettlandi og heimsóttu kennarar þaðan okkur í janúar og okkar kennarar fóru þangað í mars. Í janúar fóru einnig þrír starfsmenn til Carmel í Kaliforníu í framhaldsskóla til að miðla aðferðum og þróa samstarf og tókum við á móti þeirra fulltrúum í mars. Þetta samstarf varð til út frá samstarfi við Listhúsið í Fjallabyggð. Af þessu má sjá að við erum ötul og óþreytandi við að kynna skólann okkar, læra og miðla reynslu.

Starf skólans hefur einnig hlotið viðurkenningu víðar og er ánægjulegt að geta þess að í síðustu viku hlaut skólinn viðurkenningu sem Stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana í könnun Stéttarfélags í almannaþjónustu og er það þriðja árið í röð. Erum við afar þakklát og stolt af þessari viðurkenningu á starfi okkar. Allt slíkt styrkir okkur og eflir í skólastarfinu.

Kæru útskriftarnemar, -nú þegar þið ljúkið þessum áfanga í lífi ykkar langar mig til að þakka ykkur góða samveru, samskipti og ánægjulega viðkynningu og óska ykkur velfarnaðar í öllu því sem þið takið ykkur fyrir hendur í framtíðinni.